

9.12.2012

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.

Alda ítrekar fyrri umsagnir og meðfylgjandi ályktanir félagsins vegna stjórnskipunarlaga, 415. máls.

Tillögur til stjórnlagaráðs.

Lýðræðisfélagið hefur sent inn eftirfarandi tillögur til stjórnlagaráðs. Hverri tillögu fylgir greinargerð og fordæmi ef finnst. Tillögurnar eru tólf talsins og snúa að ákvæðum um forseta, kosningakerfi, dómendur, borgaraþing, fyrirtæki, stjórnlagapening, þjóðaratkvæðagreiðslur, opið lýðræði ofl.

Forseti

Alþingi kýs forseta og varaforseta úr röðum ráðherra einu sinni á ári. Enginn má sitja sem forseti lengur en eitt ár í senn. Forseti stýrir ríkisstjórnarfundum og kemur fram fyrir Íslands hönd við hátíðleg tækifæri. Hann hefur engin völd umfram aðra ráðherra og sinnir ráðherraembætti sínu á meðan hann er forseti.

Greinargerð:

Lýðræðisfélagið Alda hefur valddreifingu að leiðarljósi. Það er því andstætt markmiðum félagsins að viðhalda forsetaembættinu í núverandi mynd. Félagið leggur til að tekið verði upp sama kerfi og í Sviss þar sem dregið er úr völdum forseta og hann gerður að fundarstjóra á ríkisstjórnarfundum og táknrænum fulltrúa ríkisins. Forseti hefur engin völd umfram aðra ráðherra. Alþingi kýs forseta einu sinni á ári og þannig dreifast skyldur hans á fleiri hendur. Vald hans til að leggja lagafrumvörp í dóm almennings er fært yfir til almennings og þingmanna. Hér má kynna sér stjórnarskrá Sviss á ensku (<http://www.admin.ch/org/polit/00083/index.html?lang=en>)

Kosningakerfi

Á Alþingi eiga sæti 42 þjóðkjörnir þingmenn og 21 sem valdir eru með slembivali úr röðum allra íslenskra ríkisborgara á aldrinum 18-70 ára. Þjóðkjörnir þingmenn eru kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu. Helmingur þeirra skal valinn með persónukjöri og aðrir með listakosningu. Kjósandi getur valið frambjóðendur af mismunandi listum. Slembival fer fram þegar úrslit kosninga liggja fyrir. Aðeins má muna einum á fjölda þingmanna af hvoru kyni, af listakosningu, persónukjöri og af slembivalsfulltrúum. Allir þingmenn eru kjörnir til 4 ára.

Greinargerð

Jafnrétti er forsenda lýðræðis og mikilvægt að sem flestir hópar komi að borðinu. Því þykir Lýðræðisfélaginu Öldu mikilvægt, til að byrja með, að kynjaskipting þingmanna endurspegli kynjahlutföll meðal landsmanna allra. Því leggur félagið til að aðeins megi muna einum á fjölda þingmanna af hvoru kyni, af listakosningu, persónukjöri og af slembivalsfulltrúum. Einnig er æskilegt að leitað sé leiða til að tryggja þátttöku annarra minnihluta- og jaðarhópa, t.d. hinsegin fólks, fólks með skerðingar og láglaunafólk svo dæmi séu tekin. Rannsóknir sýna að ýmsir hópar samfélagsins hafa hlutfallslega mun færri málsvara við opinbera ákvarðanatöku. Nauðsynlegt er í lýðræðisríki að gæta þess að allir hópar samfélagsins eigi

beinan þátt í ákvarðanatöku. Því skal ríkisvaldinu skylt að móta reglur um kjör þingmanna sem virða réttindi einstaklinga með kynvitund sem fellur ekki að hefðbundinni tvíhyggju í hugsun um kyn.

Hér er mælt með að Alþingi starfi í einni deild. Einnig kæmi til greina að það starfaði í tveimur deildum. Í neðri deild yrðu þjóðkjörnir þingmenn en efri deild eingöngu skipuð slembivals-fulltrúum. Rannsóknir hafa sýnt fram á að nokkur munur er á hagsmunatengslum og því hverju ráði ákvarðanatöku fulltrúa sem valdir eru með ólíkum hætti, s.s. flokkakjöri, persónukjöri og slembivali. Slembivalsfulltrúar líta að jafnaði á sig sem beina fulltrúa allra meðan flokkakjörnir eru fulltrúar sinna eigin kjósenda. Af þeim sökum kann að vera skynsamlegt að í efri deild sitji slembivalsfulltrúar sem gæti heildarhagsmuna. Með því er ekki verið að segja að ein tegund fulltrúa sé betri en önnur heldur að ólíkum aðferðum við val á fulltrúum fylgi kostir og gallar.

Dómendur

Settar skulu reglur um hæfni þeirra sem sækja um dómarastöðu. Slembivalsnefnd hæstaréttardómara metur hæfi umsækjenda skv. þeim reglum. Valið er á milli hæfra umsækjenda með hlutkesti. Aðeins má muna einum á milli kynja.

Greinargerð

Það er mikilvægt að þeir sem fara með dómsvaldið séu valdir með fagleg sjónarmið að leiðarljósi, án afskipta framkvæmdavaldsins og löggjafarvaldsins. Því leggur Lýðræðisfélagið Alda til að slembivalsnefndum hæstaréttarlögmanna sé fengið það hlutverk að meta hæfi umsækjenda um stöðu hæstaréttardómara. Hlutkesti sker síðan úr um hver hlýtur dómaraembættið. Þannig er komið í veg fyrir óeðlilega íhlutun framkvæmdavaldsins í skipan dómara. Kynjaskipting skal vera jöfn meðal dómara og aðeins má muna einum milli kynja. Því er í sumum tilfellum aðeins valið milli umsækjenda af öðru kyninu.

Borgaraþing

Löggjafarvaldinu er heimilt að framselja vald sitt að hluta til borgaraþinga sem mönnum eru öðrum en kjörnum fulltrúum og slembivalsfulltrúum á þingi. Fulltrúar á borgaraþing skulu valdir með hlutbundinni kosningu og/eða slembivali. Þriðjungur þingmanna og 8% atkvæðisbærra manna geta krafist borgaraþinga um brýn málefni.

Greinargerð

Í sönnum lýðræðisríkjum á aðkoma almennra borgara að ákvarðanatöku að vera tryggð. Sem stendur hefur almenningur fá úrræði utan almennra þingkosninga fjórða hvert ár. Víða um heim eru haldin borgaraþing þar sem ákvarðanir eru færðar í opið lýðræðislegt ferli með aðkomu almennra borgara og má í því sambandi nefna tvö dæmi:

a. Stór hluti fjárhagsáætlunar brasilísku borgarinnar Porto Alegre hefur verið ákveðinn í þátttökuákvörðunarferli þar sem um 8% borgarbúa taka árlega þátt í ferlinu. Í borginni búa um 1,4 milljónir manna og hefur þessi aðferð verið notuð frá lokum 9. áratugar síðustu aldar með góðum árangri.

Meðal þeirra breytinga sem leitt hafa af lýðræðisvæðingunni eru:

I. Spilling hvarf, enda ferlið opið og gagnsætt – engar leiðir innan kerfisins til þess að lauma fjármagni til tengdra aðila.

II. Fjármagn fluttist í meira mæli til fátækari svæða frá ríkari svæðum.

III. Grasrótarstarf efldist verulega, fólk tók sig saman um að stofna félög um forgangsröðun verkefna innan hverfa og svæða borgarinnar.

b. Í Bresku Kólumbíu í Kanada var ákveðið að gera breytingar á kosningalöggjöfni og farin sú leið að skipa slembivaldþing. Þar voru valdir með handahófi úr þjóðskrá 160 borgarar (með jöfnu kynjahlutfalli) sem komu saman og unnu tillögu sem svo var lögð fram í fylkiskosningu.

Í íslensku stjórnarskránni eru engin ákvæði sem heimila ríkisvaldinu að framselja vald sitt til lýðræðislega kjörinna borgaraþinga. Mikilvægt er að slíku ákvæði verði komið inn í stjórnarskrá til að tryggja möguleikann á lýðræðislegri ákvarðanatöku í þátttökuférlum og/eða slembivaldþingum.

Gert er ráð fyrir að borgaraþing sé kölluð saman þegar ræða þarf stór mál sem krefst viðtækara samráðs við almenning en Alþingi býður upp á. Þá eru haldnir umræðu- og kynningarfundir um allt land, viðtæk umræða og kynning fer fram í fjölmiðlum, fulltrúar valdir til þess að endurspeglar ólíka hópa meðal almennings og langur tími gefinn til þess að ljúka ferlinu. Mælst er til þess að borgaraþing sé einnig kölluð saman í málum á sveitastjórnarstigi.

Fyrirtæki

Fyrirtæki, félög og stofnanir lúti lýðræðislegri stjórn þeirra sem hjá þeim starfa: Hver starfsmaður hafi eitt atkvæði. Starfsmenn reka fyrirtækið í sameiningu, ákvarða stefnu þess og skipulag.

Greinargerð

Stærstan hluta lífs okkar erum við undir einveldi eða fámennisstjórn í vinnunni en fyrirtæki og stofnanir lúta ekki leikreglum lýðræðis. Of margar ákvarðanir og of stór hluti stofnana samfélagsins er undanskilinn lýðræðislegu skipulagi. Því er rétt að færa þær ákvarðanir í hendur almennings með beinum hætti. Rannsóknir sýna að lýðræðisleg fyrirtæki eru a.m.k. jafn hagkvæm og kapitalísk fyrirtæki en koma betur út félagslega. Til þess að lýðræðisríki geti staðið undir nafni er nauðsynlegt að lýðræðisvæða efnahagslífið.

Dæmi um lýðræðisleg fyrirtæki eru Mondragon (<http://www.mondragon-corporation.com/>) sem er sjöunda stærsta fyrirtæki Spánar og tímaritið New Internationalist (<http://www.newint.org/>) sem hefur verið samvinnurekið frá árinu 1970.

Lýðræðisfélagið Alda leggur til að öll fyrirtæki með fleiri en fimm starfsmenn séu samvinnurekin þannig að allir starfsmenn komi að stjórn og ákvarðanatöku fyrirtækisins. Hver starfsmaður hafi eitt atkvæði óháð starfi og stöðu. Mögulegt er að fyrirtækjum með fimm starfsmenn eða færri sé stjórnað á annan hátt og er það gert til að auðvelda sprotafyrirtækjum að komast á legg. Mikilvægt er að girða fyrir að fyrirtæki fari á svig við þessa meginreglu með því að ráða fólk sem vinnur að kjarnastarfsemi fyrirtækisins sem verktaka eða nýta sér starfsmannaleigur með óeðlilegum hætti.

Nánari upplýsingar um samvinnufyrirtæki hjá International Co-operative Alliance: (<http://www.ica.coop/coop/statistics.html>)

Kjördæmi

Kjördæmi skulu ákvarðast af fjölda íbúa og landfræðilegri stærð. Þau geta ekki verið fleiri en 21 en að öðru leyti útfærð í kosningalöggjöf.

Greinargerð

Lýðræðisfélagið Alda leggur áherslu á að jafna atkvæðavægi eins og kostur er. Hins vegar þykir félaginu einnig mikilvægt að sem flestir mismunandi hópar komi að borðinu og að raddir frá mismunandi byggðarlögum fái að heyrast á Alþingi. Því leggur félagið til að kjördæmum verði haldið í stjórnarskrá en kjördæmaskipan útfærð á þann hátt að unnt verði að jafna atkvæðavægi sem mest hverju sinni án þess að búa til of stór kjördæmi eins og t.d. Suðurkjördæmi er nú.

Tveir þættir skulu takmarka stærð kjördæma. Landfræðileg stærð má ekki fara yfir ákveðin mörk og fjöldi íbúa í hverju kjördæmi skal einnig takmarkaður. Þannig er viðbúið að Reykjavík skiptist í fleiri en tvö kjördæmi og fjölmennustu hverfin jafnvel einnig. Þó þykir rétt að takmarka hversu mörg kjördæmi geta verið og er hér miðað við að þau verði eigi fleiri en 21.

Stjórnlagabing

Stjórnlagabing skal haldið á 20 ára fresti. Einnig getur meirihluti þingmanna og 16% atkvæðisbærra manna krafist stjórnlagabings. Kjörnir fulltrúar geta ekki setið á stjórnlagabingi.

Greinargerð

Íslenska stjórnarskráin er grundvallartexti íslenskrar stjórnskipunar. Því þykir Lýðræðisfélaginu Öldu brýnt að stjórnarskráin sé lifandi skjal sem taki mið af raunveruleika íslensks samfélags hverju sinni. Því leggur félagið til að Alþingi framselji vald sitt til að semja stjórnarskrá til stjórnlagabings fimmta hvert kjörtímabil til að fara yfir stjórnarskrána og gera nauðsynlegar breytingar á henni. Stjórnlagabing skal vera borgarabing með lýðræðislega kjörnum fulltrúum almennings. Alþingi og almenningur skal einnig geta kallað saman stjórnlagabing líkt og önnur borgarabing. En þar sem stjórnarskráin er grundvallarplagg og þegar er gert ráð fyrir stjórnlagabingi á 20 ára fresti þykir réttast að herða skilyrði varðandi fjölda þeirra þingmanna og almennra borgara sem geta knúið fram stjórnlagabing.

Þjóðaratkvæðagreiðslur

- a. Með söfnun undirskrifta geta almennir kjósendur knúið fram bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu um
 1. afnám gildandi almennra laga eða lagaákvæða,
 2. frumvarp til laga sem þeir sjálfir leggja fram,
 3. tillögu að breytingum á ákvæðum stjórnarskrár, annarra en mannréttindaákvæðum.
- b. Undirskriftasöfnun telst gild ef 8% kosningabærra manna krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu með undirskrift sinni og söfnunin uppfyllir að öðru leyti ákvæði almennra lag.
- c. Einfaldur meirihluti kjósenda ræður úrslitum í þjóðaratkvæðagreiðslu.
- d. Sveitarfélögum landsins skulu sett lög sem gera íbúum kleift að kalla fram allsherjaratkvæðagreiðslur.
- e. Þriðjungur þingmanna getur knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslur.

Greinargerð

Lýðræðið grundvallast á að almenningur og fulltrúar hans fari með stjórn ríkisins. Því er afar mikilvægt að til séu úrræði sem geri almenningi kleift að hafa bein áhrif á löggjöf landsins. Þjóðaratkvæðagreiðslur eru meðal slíkra úrræða. Þær færa valdið frá ríkisvaldinu til almennings og tryggja honum ríkari rétt til þátttöku í stjórn landsins.

Möguleiki almennings til þess að kalla fram þjóðaratkvæðagreiðslur felur ekki í sér að stöðugt gangi á með þjóðaratkvæðagreiðslum. Almenn er álitid að stjórnvöld séu líklegri til þess að hafa almannahagsmuni að leiðarljósi og ganga fram af hófsemi og tillitssemi, ef þau vita að almenningur getur hvenær sem er skorist í leikinn. Hópar sem eru í veikri stöðu geta beitt sér með því að höfða til réttlætiskenndar almennings. Eins getur almenningur komið málum á dagskrá sem rótgrónir pólitískir flokkar vanrækja eða láta sig litlu varða. Síðast en ekki síst geta þjóðaratkvæðagreiðslur verið leið til þess að gera út um umdeild mál þannig að allir megi við una.

Rétt er að hafa þjóðaratkvæðagreiðslur sem kjósendur kalla fram bindandi, þannig að þeir séu hvattir en ekki lattir til að lýðræðislega athafna. Allar leiðirnar (I, II og III) til að kalla fram þjóðaratkvæðagreiðslu byggjast á því að kjósendur sjálfir eigi frumkvæðið. Það er rökrétt þar sem bindandi þjóðaratkvæðagreiðslur fela í sér að kjósendur taka ákvörðunarvaldið í einstökum málum úr höndum fulltrúa sinna. Það fyrirkomulag útilokar ekki aðrar leiðir, svo sem að tilteknum minnihluta fulltrúa á löggjafarþingi sé tryggður réttur í stjórnarskrá til þess að vísa málum til þjóðarinnar eða að tiltekin mál séu ávallt borin undir þjóðaratkvæði. Gert er ráð fyrir ítarlegri almennri löggjöf um allar nefndar leiðir til að kalla fram þjóðaratkvæðagreiðslur. Leiðirnar þrjár segja að nokkru leyti fyrir um með hvaða hætti þjóðaratkvæðagreiðslu getur borið að.

a. Ákvæðið gerir ráð fyrir að almenn löggjöf verði sett um undirskriftasafnanir sem tilgreini nákvæmlega hvaða skilyrði slíkar safnanir skuli uppfylla og hver skuli úrskurða þær gildar eða ógildar. Í sambandi við þátttöku í slíkum söfnunum, þá er óráðlegt að fara fram á undirskriftir fleiri en sem nemur 8% kosningabærra manna. Dæmi má finna um mun lægra hlutfall og mun hærra, eins og vikið er að síðar í greinargerðinni. Ekki er ástæða til að gera kröfur um fleiri undirskriftir við safnanir sem miða að því að fá fram þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingar á stjórnarskrá (liður a) III að ofan). Með almennri löggjöf má skilyrða slíka undirskriftasöfnun, sem og aðrar, t.d. með kröfum um tiltekna landfræðilega dreifingu undirskrifta.

b. Almenn séð er lýðræðislegt að þeir sem láta sig mál varða ráði úrslitum þess, en ekki þeir sem láta sig það engu varða eða ekki nógu miklu til þess að mæta á kjörstað. Ákvæðið skýrir sig að öðru leyti sjálft.

c. Rétt er að tryggja kjósendum stærstu sveitarfélaga sambærileg tækifæri til lýðræðislegra áhrifa og kjósendum er tryggður á landsvísu.

d. Rétt er að tryggja að minnihluti þingmanna geti vísað málum til þjóðarinnar og þannig komið í veg fyrir að meirihlutinn knýi umdeild frumvörp í gegn.

Fordæmi

Sviss varð fyrst ríkja til þess að taka upp þjóðaratkvæðagreiðslur að frumkvæði almennings árið 1891. Mörg ríki Bandaríkjanna tóku upp allsherjaratkvæðagreiðslur um svipað leyti. Tilgangur beggja var sá hindra að peningaöfl eða valdamiklir sérhagsmunahópar næðu undirtökunum í samfélaginu í gegnum fulltrúastofnanir þess.

Þjóðaratkvæðagreiðslur að frumkvæði almennings er að finna í 37 löndum, aðallega í Evrópu og Suður-Ameríku. Sum lönd sem ekki gera ráð fyrir slíkum þjóðaratkvæðagreiðslum á

landsvísu gera það svæðisbundið. Það á við um stór sambandsríki á borð við Bandaríkin og Þýskaland. Í um helmingi ríkja Bandaríkjanna getur almenningur knúið fram allsherjaratkvæðagreiðslur. Sama á við um sambandslönd Þýskalands. Þau sambandslönd sem bættust við eftir sameiningu þýsku ríkjanna árið 1990 tóku öll upp sama fyrirkomulag. Nokkuð algengt virðist að þjóðaratkvæðagreiðslur að frumkvæði almennings séu teknar upp í nýfrjálsum ríkjum og ríkjum sem hafa ratað í ógöngur fyrir ofríki og spillingu stjórn málaaflla. Þýskaland og Ítalía eru augljós dæmi um hið síðarnefnda. Af nýfrjálsum ríkjum í Evrópu má nefna Króatíu, Ungverjaland, Slóvakíu, Lettland og Litháen. Í hinu gamalgróna lýðræðisríki Sviss getur almenningur knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslur um breytingar á stjórnarskrá. Í flestum löndum og ríkjum þar sem almenningur getur kallað fram þjóðaratkvæðagreiðslur eða allsherjaratkvæðagreiðslur er sá möguleiki einnig fyrir hendi á sveitarstjórnarstigi. Almenn séð er ekki lýðræðislegt að undanskilja málefni sem leggja má í þjóðaratkvæði, önnur en mannréttindi. Slíkt er þó gert í sumum löndum. Rétt er þá að undanskilin málefni séu nákvæmlega tilgreind í stjórnarskrá, þannig að þau verði ekki valin að geðþótta valdhafa hverju sinni.

Varast ætti að gera óhóflegar kröfur um fjölda undirskrifa til að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslur. Í löndum þar sem kröfur eru gerðar um að 15% kjósenda þurfi til eru slíkar atkvæðagreiðslur nánast orðin tóm. Í Hvíta-Rússlandi er gerð krafa um undirskriftir 33% kjósenda. Í Sviss geta á hinn bóginn um 2% kjósenda knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrárbreytingar. Á Ítalíu getur um 1% kjósenda knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu um afnám tiltekinnar löggjafar. Kröfur um hátt hlutfall undirskrifa hygla almennt séð sterkum pólitískum öflum og valdamiklum sérhagsmunahópum.

Víða eru sett skilyrði um lágmarkspátttöku í þjóðaratkvæðagreiðslum, sérstaklega þeim sem varða breytingar á stjórnarskrá. Í Lettlandi og Litháen þarf að lágmarki helmingur kosningabærra manna að samþykkja stjórnarskrárbreytingar en 25% í Ungverjalandi. Í lögskipuðum þjóðaratkvæðagreiðslum í Sviss ræður hins vegar einfaldur meirihluti. Á Ítalíu ræður einnig einfaldur meirihluti þeirra sem kys en kosningabaráttaka þarf að ná 50%.

Skilyrðum um lágmarkspátttöku fylgir sá ókostur að kosningabaráttu getur farið að snúast um að hvetja kjósendur til afskiptaleysis, að hunsa lýðræðislegar kosningar. Slíkt gengur þvert gegn einu meginmarkmiðinu með þjóðaratkvæðagreiðslum, sem er að hvetja almenning til afskipta af samfélagi sínu og lýðræðislegra dáða.

Þjóðaratkvæðagreiðslur að frumkvæði almennings eru nánast undantekningalaust lagalega bindandi.

Opið lýðræði

Fundur Alþingis og allir fundir hins opinbera skulu ávallt haldnir í heyranda hljóði. Allar upplýsingar og fundargögn skulu vera aðgengileg almenningi með skilvirkum móti. Öll opinber gögn skulu aðgengileg og engar reglur gilda sem leyfa frávik frá þeirri reglu aðrar en þær sem lúta að vernd persónuupplýsinga. Almennings er heimilt að ávarpa Alþingi reglulega, t.d. á tilteknum tíma í viku hverri.

Greinargerð

Ein af grunnstoðum lýðræðisins er gagnsæi í ákvarðanatöku, þar sem öllum er frjálst að kynna sér forsendur og ferli ákvarðanatökunnar. Takmarkanir á aðgengi að upplýsingum koma í veg fyrir að almenningur hafi tækifæri til að kynna sér forsendurnar og eiga hlutdeild í þeim ákvarðanatökum sem fram fara.

Samfélagsgerð sem kennir sig við lýðræði hlýtur að byggja á opinni og gagnsærri ákvarðanatöku þar sem aðgengi að fundum og upplýsingum er varða ákvarðantöku fyrir hönd almennings séu hverjum sem er opið og einfalt. Erfitt er að átta sig á hvernig hagsmunum

almennings er betur borgið í lýðræðisríki með því að ákvarðanir séu teknar í ógagnsæu og lokuðu ferli – líklegra er að slíkt ferli þjóni hagsmunum annarra hópa.

Lýðræðisfélagið Alda leggur til að allir opinberir fundir verði opnir almenningi og öll gögn varðandi ákvarðanatöku fyrir hönd almennings séu gerð aðgengileg á skilvirknan hátt þannig að almenningur eigi auðvelt með að fá yfirsýn yfir opinber gögn og finna þær upplýsingar sem hann sækist eftir. Þó má gera ráð fyrir takmarkanir á aðgengi almennings að upplýsingum sem falla undir ákvæði um vernd persónuupplýsinga og að gögnum sem tengjast beint opnum lögreglurannsóknum.

Félagið leggur einnig til að almenningi sé gert kleift að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri á beinan hátt við þá sem hann hefur kosið til að fara með vald sitt. Alþingi skal gera ráðstafanir til að almenningur geti nýtt sér þennan rétt, t.d. með að hafa fasta tíma í viku hverri þar sem almenningur fær að stíga í ræðustól.

Ráðherrar

Kosið er um ráðherra almennri kosningu samhliða kosningum til Alþingis. Kosið er milli fjögurra umsækjenda um hvert ráðherraembætti, tveggja kvenna og tveggja karla, sem valdir eru af nefnd. Í nefndinni sitja sjö kjörgengir borgarar valdir með slembivali. Ráðuneytum er skylt að vera nefndum innan handar með upplýsingar og aðstoð. Hlutfall ráðherra af hvoru kyni skal vera jafnt. Reynist kynjahlutfallið ójafnt skal það leiðrétt með því að varpa hlutkesti sem ákvarðar í hvaða ráðuneyti/um ráða skuli atkvæðahæsta umsækjandann af því kyni sem hallar á. Ekki er heimilt að vera í framboði til Alþingis og til ráðherraembættis samtímis. Ráðherrar hafa ekki frumkvæðisrétt á Alþingi.

Greinargerð

Samkvæmt nágildandi kerfi er framkvæmdavaldið og löggjafarvaldið samofið. Almennitur fær ekkert að segja um skipun ráðherra. Þetta kerfi býður upp á að flokkshagsmunir séu settir framars hagsmunum almennings. Lýðræðisfélagið Alda leggur til róttækar breytingar á kosningakerfinu þar sem aðeins þriðjungur þingmanna er kosinn í nafni ákveðinna stjórnmálaflokka. Því til samræmis þarf að skipuleggja skipan ráðherra upp á nýtt með þrískiptingu ríkisvaldsins að leiðarljósi.

Farin er sú leið að láta kjósendur kjósa um ráðherra úr hópi tveggja kvenna og tveggja karla sem slembivalsnefnd með fulltrúum almennings hefur valið sem hæfustu einstaklinga úr hópi umsækjenda. Er það gert til að færa ákvarðanatökuna frekar til almennings þannig að hagsmunir almennings ráði ríkjum við ráðherra, ekki flokkshagsmunir.

Slembivalsnefndum er í sjálfs vald sett hvaða þættir eru hafðar að leiðarljósi við val á fjórum umsækjendum en séu gerðar sérstakar kröfur til menntunar og reynslu skal það koma fram þegar auglýst er eftir umsækjendum. Nefndarfundir skulu opnir öllum og öll gögn um störf nefndar sömuleiðis aðgengileg hverjum sem er og almenningi þannig mögulegt að eiga hlutdeild í valinu. Lýðræðisfélagið leggur þannig til að framkvæmdavaldið sé aðskilið frá löggjafarvaldinu og því sé eðlilegt að ráðherrar hafi ekki frumkvæðisrétt á Alþingi.

Lýðræðisfélagið Alda telur jafnframt að jafnrétti sé forsenda lýðræðis og því skuli aldrei muna nema einum í kynjaskiptingu ráðherra. Til að gæta allrar sanngirni skal hlutkesti ráða hvaða ráðherrar þurfi að víkja sæti fyrir hæfasta einstaklingi af gagnstæðu kyni ef kynjaskipting ráðherra reynist skökk.

Fjármál stjórnmálaflokka

a. Stjórnmálasamtök, sem beint eða óbeint bjóða fram í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna, mega taka við fjárhagslegum stuðningi frá öðrum en lögaðilum og

félagasamtökum upp að tiltekinni heildarfjárhæð. Stuðningur hins opinbera skal felast í öðru en beinum fjárframlögum.

b. Frambjóðendum í alþingiskosningum og í kosningum til sveitarstjórna skal heimilt að taka við fjárhagslegum stuðningi frá öðrum en lögaðilum og félagasamtökum. Þeim skal heimilt að eyða tiltekinni hámarksfjárhæð í kosningabaráttu.

c. Fjárframlög til stjórnmalasamtaka og frambjóðenda í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna skulu ávallt opin almenningi til skoðunar og háð opinberu eftirliti.

Greinargerð

a. Ákvæðið felur í sér að stjórnmalasamtök geti aðeins þegið fjárhagslegan stuðning frá einstaklingum og hinu opinbera. Með því að taka fram að átt sé við stjórnmalasamtök sem beint eða óbeint bjóða fram í kosningum, er reynt að tryggja að ekki verði skilið á milli tiltekinnna stjórnmalasamtaka og framboðs eða framboða á þeirra vegum. Stuðningur hins opinbera með öðru en fé felur í sér að hið opinbera getur samt sem áður búið stjórnmalasamtökum aðstöðu til að sinna lýðræðislegu hlutverki sínu. Ætla má að slíkur stuðningur geti fremur orðið til þess að jafna aðstöðu flokka en beinn fjárhagslegur stuðningur. Ákvæðið skýrir sig að öðru leyti sjálf. Með því að tiltaka heildarfjárhæð eru settar hömlur á fjárstreymi til stjórnmalasamtaka og jafnframt þarf löggjafinn að svara því hvað þarf til þess að heyja lýðræðislega kosningabaráttu. Eðlilegt er að takmarka það fé sem hverjum einstökum stuðningsmanni er leyft að leggja stjórnmalasamtökum til, þannig að þau geti ekki talist á vegum eins eða fátta fjársterkra einstaklinga.

b. Ákvæðinu er ætlað að hemja fjárþörf frambjóðenda og hindra að þeir verði háðir tilteknum fyrirtækjum eða félagasamtökum.

c. Ákvæðið felur í sér að almenningur geti fengið upplýsingar um fjárframlög til frambjóðenda og stjórnmalasamtaka hvenær sem þess er óskað.

Almennar forsendur

Í leiðbeiningum svokallaðrar Feneyjanefndar Evrópuráðsins (The European Commission for Democracy through Law, eða The Venice Commission) segir, að ástæða geti verið til að banna fjárframlög til stjórnmalaflokka frá fyrirtækjum í viðskiptum og atvinnulífi. Ætla verður að Ísland sé meðal þeirra landa sem þurfi að huga einmitt að slíkum ráðstöfunum. Áttunda bindi skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis ber heitið Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008. Í kafla II. 3 Samskipti stjórnmalá og efnahagslífs segir: „Eitt augljósasta tæki viðskiptalífsins til að hafa áhrif á stjórnmalamenn eru bein fjárframlög, bæði til stjórnmalaflokka og einstakra stjórnmalamanna“. Í niðurlagi kaflans, þar sem ályktað er um þá lærdóma sem draga þurfi af ógöngum landsins, segir ennfremur: „Leita þarf leiða til þess að draga skýrari mörk á milli fjármáallífs og stjórnmalá. Ekki er líðandi að gæslumenn almannahagsmuna gangi erinda einkafyrirtækja með þeim hætti sem gert var í aðdraganda bankahrunsins.“

Dagana 8.-15. september 2010 kannaði Capacent Gallup afstöðu almennings til styrkja frá fyrirtækjum og einstaklingum til stjórnmalamanna og stjórnmalasamtaka. Afgerandi meirihluti, eða 68%, sagðist andvígur því að íslenskum stjórnmalamönnum og stjórnmalasamtökum sé heimilt að taka við fjárframlögum frá fyrirtækjum. Þá sögðust 79% þjóðarinnar andvíg því að stjórnmalamönnum og stjórnmalasamtökum sé heimilit að taka við fjárframlögum frá einstaklingum án þess að nafn þess einstaklings sem veitir styrkinn sé gefið upp.

Íslenskum stjórnmalaflokkum hefur verið lýst sem „tómum skeljum“. Meiningin er sú að þeim sé stjórnað af tiltölulega fámennum hópi fólks og að lýðræðislegt starf innan flokkanna sé bágborið. Ýtt er undir slíkt ástand með því að stjórnmalaflokkarnir hafa lítið orðið til almennra félaga að sækja. Flokkarnir, þeir gamalgrónu, eru orðnir sjálfum sér nægir eftir að hafa tryggt sér fé úr sjóðum almennings og fjársterkra aðila í viðskiptalífi.

Ráðandi stjórnmalasamtök hverju sinni eru, eðli máls samkvæmt, óheppileg og vanhæf til þess að setja grundvallarreglur sem ofangreind ákvæði fela í sér.

Af áður nefndum ástæðum er brýn nauðsyn að setja í grundvallarlög skýr ákvæði sem tryggja að Alþingi setji lýðræðislega löggjöf um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda í almennum kosningum.

Fordæmi

Tvö meginsjónarmið eru uppi um fjármögnun stjórnmalaflokka í Evrópu. Annars vegar er lítið svo á að flokkarnir séu eins og hver önnur fjáls félagasamtök. Þeir eigi því að stóla á framlag almennra félaga til þess að reka sig frá degi til dags, en hið opinbera aðstoði þá við að heyja lýðræðislega kosningabaráttu.

Hitt sjónarmiðið er að flokkarnir gegni svo mikilvægu hlutverki í samfélaginu að þeir eigi í raun að vera á framfæri hins opinbera. Sú tilhögun er algeng í mörgum helstu ríkjum Evrópu, en það er alls ekki einhlítt. Þannig bannaði Frakkland styrki frá fyrirtækjum til stjórnmalaflokka árið 1995, eftir að það fyrirkomulag tók að vekja úlfúð og tortryggni almennings.

Síðarnefnda sjónarmiðið er ríkjandi á Íslandi, og hefur síst orðið til heilla fyrir land og þjóð, eins og skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis vitnar um. Flokkarnir hafa orðið sífellt frekari til opinbera fjárlins en samt sótt ótæpilega í fé fyrirtækja og annarra lögaðila.

Stjórnmalaflokkarnir virðast jafnframt líta orðið á sjálfa sig sem hluta af stjórnskipan landsins. Þannig þykir ekki, svo dæmi sé tekið, tiltökumál að setja lög sem mæla fyrir um að Alþingi greiði 50% álag á þingfararkaup tiltekinna þingmanna, af því að þeir gegni formennsku í stjórnmalaflokki. Hæpið er að það komi Alþingi beinlínis við hvaða embætti þingmaður kys að gegna í stjórnmalasamtökum sem hann sjálfur hefur kosið að ganga til liðs við.

Taka þarf mið af aðstæðum á Íslandi og fenginni reynslu, svo sem skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis mælist til að sé gert. Bregðast þarf við hömlulausri fjárþörf stjórnmalaflokkanna með róttækum hætti, og ýta um leið almennt undir lýðræðislega starfshætti þeirra. Aðeins þannig munu þeir geta gengt sínu lýðræðislega hlutverki.

Aðgengi að fjölmiðlum

a. Framboðum í Alþingiskosningum skal tryggður jafn, nákvæmlega tilgreindur og víðtækur aðgangur að útvarpi og sjónvarpi, og öðrum áhrifaríkustu fjölmiðlum hverju sinni, til þess að kynna stefnumál sín.

b. Framboðum í Alþingiskosningum og í kosningum til sveitarstjórna skal heimilt að ráðstafa tiltekinni hámarksfjárhæð í pólitískar auglýsingar í kosningabaráttu, það er á tilteknu tímabili í aðdraganda kosninga.

Greinargerð

a. Útvarp og sjónvarp eru áhrifaríkustu fjölmiðlar samtímans. Með því að tiltaka einnig áhrifaríkustu fjölmiðla hverju sinni, er tryggt að löggjafinn geti brugðist við breytingum í fjölmiðlun og metið stöðuna á hverjum tíma. Víðtækur aðgangur felur í sér að löggjafinn þurfi hugsanlega að leggja lýðræðislegar skyldur á herðar fleiri fjölmiðlum en þeim sem eru í eigu hins opinbera. Kosningar í fjölmennustu sveitarfélögum landsins eru undirorpnar sömu

baráttuaðferðum og kosningar til Alþingis og þurfa því að lúta svipuðum reglum. Að öðru leyti skýrir ákvæðið sig sjálf.

b. Ákvæðið er sett til þess að hemja fjárþörf stjórnmalasamtaka og framboða, og stuðla að því að pólitískum sjónarmiðum sé ekki mismunað um of í krafti peninga. Ákvæðið skýrir sig að öðru leyti sjálf.

Almennar forsendur

Auglýsingar í sjónvarpi og útvarpi eru dýrar, og peningar og valdaaðstaða geta ekki ráðið úrslitum í kosningabaráttu, eigi slík barátta að heita lýðræðisleg. Jafnræði er grundvallaratriði. Eins mega áhrifamestu fjölmiðlar ekki verða háðir auglýsingatekjum frá tilteknum stjórnmalasamtökum. Þessi sjónarmið eru almennt viðurkennd í lýðræðisríkjum og af fræðimönnum.

Ísland sker sig algerlega úr í hópí Evrópuríkja að því leyti að hér er stjórnmalasamtökum heimilt að auglýsa í ljósvakamiðlum án nokkurra takmarkana. Slíkt fyrirkomulag hefur leitt til andlýðræðislegrar mismununar og espað fjárþörf stjórnmalaflokka óeðlilega.

Gamalgrónu stjórnmalaflokkarnir hafa tekið sér sífellt meira fé úr almannaþjóðum og skuldsett sig ótæpilega í kosningum. Almennt hafa þeir gert sig háða peningaöflum í samfélaginu með hörmulegum afleiðingum. Við því þarf að bregðast.

Ný framboð til Alþingis standa við þessar aðstaður afar illa að vígi. Hiklaust má segja að um kerfisbundna útilokun nýrra framboða sé að ræða. Jafnvel má tala um valdaeinokun gamalgróinna stjórnmalaflokka í þessu sambandi.

Ráðandi stjórnmalasamtök hverju sinni eru, eðli máls samkvæmt, óheppileg og vanhæf til þess að setja grundvallarreglur sem fyrrnefnd ákvæði fela í sér.

Af ofangreindum ástæðum er brýn nauðsyn að setja í grundvallarlög skýr ákvæði sem tryggja að sett verði almenn lýðræðisleg löggjöf um pólitískar auglýsingar og kynningar í öflugustu fjölmiðlum.

Fordæmi

Bandaríkin, og örfá ríki önnur, leyfa að stjórnmalaflokkar kaupi sér pólitískar auglýsingar í útvarpi og sjónvarpi í kosningabaráttu. Slíkar auglýsingar eru yfirleitt bannaðar eða um þær gilda strangar reglur. Danmörk, Svíþjóð og Noregur eru dæmi um lönd sem banna slíkar auglýsingar alveg.

Pólitískar auglýsingar í útvarpi og sjónvarpi geta sannarlega unnið gegn lýðræðislegum tilgangi kosninga og lýðræði almennt. Hins vegar má gagnrýna hve illa öflugustu fjölmiðlar samtímans eru nýttir til þess að efla lýðræði. Með sjónvarpi og útvarpi er hægt að virkja almenning til þátttöku í lýðræðislegu starfi og kosningum svo um munar. Fjölmiðlar geta stuðlað að betri upplýsingagjöf og almennt upplýstari kjósendum, ef rétt er að málum staðið. Í Bretlandi eru keyptar pólitískar auglýsingar í útvarpi og sjónvarpi bannaðar. Hins vegar er stjórnmalaflokkunum úthlutað tilteknum tíma í helstu ljósvakamiðlum til þess að kynna stefnumál sín og sjónarmið. Svipað fyrirkomulag er t.d. á Írlandi og í Frakklandi. Í Portúgal er lögð sú lýðræðislega skylda á alla ljósvakamiðla að gefa stjórnmalaflokkum tiltekið pláss til kynningar. Svipuð regla var tekin upp á Ítalíu árið 2002. Í Grikklandi mega stjórnmalaflokkar eyða tiltekinni hámarksfjárhæð í auglýsingar, sem þó má ekki má nema meiru en 20% af heildarútgjöldum við kosningabaráttu.

Á þennan hátt má fara land úr landi í Evrópu og allt ber að sama brunní: Ísland er viðskila við önnur ríki álfunnar þegar kemur að pólitískum auglýsingum í ljósvakamiðlum, þessum grundvallarþætti í hverju lýðræðisríki.

Umsögn um tillögur Stjórnlagaráðs

Félagið hefur sent Stjórnlagaráði umsögn um nokkrar framkomnar tillögur ráðsins til breytinga á stjórnarskránni.

Félagið vill koma eftirfarandi á framfæri við Stjórnlagaráð

1. Tillaga Stjórnlagaráðs, gr. 5 um Dómsvald, um að forseti Íslands skipi dómara að fenginni tillögu eða mati nefndar sem Alþingi skipar (lögskipaðrar) samræmist ekki sjónarmiði um lýðræðisumbætur. Staða forseta Íslands er arfur frá eldri samfélagsgerð, konungsveldinu, þar sem einn maður fór með völdin. Tilfærsla á valdi til forseta er afturför en ekki framför í átt að auknu lýðræði. Þar fyrir utan er um veigalitle breytingu að ræða þar sem forsetinn er hluti af löggjafarvaldinu í dag og í raun aðeins um tilfærslu á valdi til skipunar dómara innan löggjafarvaldsins. Tillaga Stjórnlagaráðs nær því ekki markmiðum um lágmarksdreifingu valds sem felast í þrískiptingu ríkisvalds. Nauðsynlegt er að dómara séu skipaðir af öðrum en framkvæmdar- og löggjafarvaldi. Lýðræðisfélagið Alda hefur sent Stjórnlagaráði tillögu um skipan dómara og ítrekar hana. Tillagan grundvallast fyrst og fremst á því að hlutlæg sjónarmið liggja til grundvallar skipan dómara, þar sem nauðsynlegt sé að almenningur geti treyst því að dómara hafi að leiðarljósi mannréttindi og heildarhag. Til þess að draga sem mest úr hættunni á því að óeðlileg sjónarmið ráði för og að óeðlileg tengsl verði milli annarra valdastofnana og dómara leggur félagið til að dómara séu, að undangengnu hlutlægu hæfnismati, valdir með slembivali.

2. Tillaga Stjórnlagaráðs, gr. 28 um Störf Alþingis, um að Alþingi kjósi forsætisráðherra sem svo hafi friðsalar hendur við val á öðrum ráðherrum samræmist ekki sjónarmiði um lýðræðisumbætur og erfitt að sjá að í henni felist nokkur breyting. Í dag er málum þannig háttað að þingmeirihlutinn skipar forsætisráðherrann og aðra ráðherra með óformlegum hætti (það er án formlegrar opinberrar kosningar). Eina breytingin hér er sú að þingmeirihlutinn kemur saman í þingsal og kýs forsætisráðherrann sem svo skipar aðra ráðherra. Eftir sem áður er það þingmeirihlutinn og þar með löggjafarvaldið sem skipar framkvæmdarvaldið. Tillaga Stjórnlagaráðs nær því ekki markmiðum um lágmarksdreifingu valds sem felast í þrískiptingu ríkisvalds. Nauðsynlegt er að framkvæmdarvaldið sé skipað af öðrum en löggjafar- og dómsvaldi. Lýðræðisfélagið Alda hefur sent Stjórnlagaráði tillögu um að ráðherrar skuli kosnir beint að undangengnu lýðræðislegu forvali. Sú leið tryggir þrískiptingu ríkisvalds og færir ákvarðanavaldið í hendur almennings.

3. Tillaga Stjórnlagaráðs, gr. 24 um Störf Alþingis, um að fundir Alþingis og nefnda þess geti verið lokaðir almenningi felur í sér áframhaldandi brot á lýðræðislegum rétti almennings til þess að fylgjast með störfum fulltrúa sinna. Tillaga Stjórnlagaráðs er í raun engin breyting frá því sem verið hefur, þ.e. að valdhöfum er í sjálfsveld sett hversu opinir fundir þeirra eru. Lýðræðisfélagið Alda hefur sent Stjórnlagaráði tillögu um að allir fundir þar sem fulltrúar almennings taka opinberar ákvarðanir skuli vera opinir, að öðrum kosti séu þeir ólöglegir. Einnig skulu allar upplýsingar um ákvarðanatöku vera opinberar og aðgengilegar almenningi, s.s. fundargerðir, skjöl og annað tengt ákvarðanatöku.

Einnig telur félagið rétt að minna Stjórnlagaráð á að ráðið starfar í umboði almennings en ekki stjórnmalaflokka eða þeirra sem sömdu núverandi stjórnarskrá. Þá er vert að minna á háværa kröfu almennings, t.d. úr búshaldabyltingunni, um nýja stjórnarskrá og raunverulegar lýðræðisumbætur. Félagið ætlast til þess að Stjórnlagaráð verði við þeim kröfum.

Í þjóðaratkvæði með tillögurnar!

Alda hvetur Alþingi til þess að leggja tillögur Stjórnlagaráðs í dóm almennings, sem vert er að minna á að er æðsti valdhafi landsins, með þeim hætti að kjósendur geti sagt hug sinn um hvert ákvæði fyrir sig. Alþingi gangi að þeirri kosningu lokinni frá þeim ákvæðum sem hlutu náð almennings með þeim hætti að staðfesta megi sem nýja stjórnarskrá að loknum næstu Alþingiskosningum. Hafi Alþingi áhuga á því að gerðar verði frekari breytingar á stjórnarskránni en eru í tillögum Stjórnlagaráðs skal það gert með því að skipa nýtt Stjórnlagaráð sem fjallar um þær tillögur. Slíkt ráð má skipa með slembivali eins og reynt hefur verið erlendis með góðum árangri – en sú leið er ekki eins kostnaðarsöm og almennar kosningar.

Alda fagnar starfi Stjórnlagaráðs sem sýndi svo ekki verður um villst að almenningur er fullfær um að semja stjórnarskrá og ljúka við flókin viðfangsefni með málefnalegum hætti. Ekki var við öðru að búast enda hefur reynslan sýnt erlendis frá að svo sé. Ýmislegt má bæta í umgjörð og starfi ráðsins, s.s. að því hefði þurft að gefa meiri tíma og starf þess hefði þurft að vera opnara og umfangsmeira.

Umsögn vegna skýrslu Stjórnlagaráðs um tillögur að breytingum á Stjórnarskrá Íslands Alda, félag um sjálfbærni og lýðræði, sendi nú fyrir í kvöld þingnefnd Alþingis eftirfarandi umsögn en umsagnarfrestur um tillögurnar var til og með 30. nóvember 2011.

1. Alda telur að það breytingarferli sem ákvarðað var upphaflega með lögum um Stjórnlagabætur og síðar Stjórnlagaráð hafi hvorki verið nægilega vel afmarkað né umfangsmikið fyrir það verkefni að endurskoða Stjórnarskrá Íslands. Alda telur þá nýbreytni að fela persónukjöri borgaraþingi (Stjórnlagaráði) veigamikinn sess í ferlinu lofsverða. Slíkar tilraunir, t.d. með slembivalþing hafi víða reynst vel, m.a. í Bresku-Kólumbíu. Rétt er þó að benda á að áhugi og traust almennings á slíkum ferlum er meira þegar ákvarðanir lýðræðislega ferla sem fela í sér þátttöku almennings eru bindandi eða ljóst er að almenningur eigi síðasta orðið með einhverjum hætti. Þau atriði sem Alda telur að endurskoðunarferli á Stjórnarskránni þurfi að uppfylla og/eða skorti upp á í ferlinu sem ráðist var í:

- Tímamörk voru of knöpp í starfi Stjórnlagaráðs. Gefa þarf rúman tíma til endurskoðunar stjórnarskrárinnar. Helst þarf slíkt ferli að standa yfir í nokkur ár, á mismunandi stigum.
- Ekki var ljóst hver málsmeðferðin yrði hvað varðar afgreiðslu á þeim tillögum sem Stjórnlagaráð myndi skila frá sér. Í ljósi þess hversu lítið traust er á Alþingi má gera ráð fyrir að það dragi úr trausti á ferlinu í heild og áhuga almennings.
- Alda telur það ófrávikjanlega lýðræðislega forsendu að almenningur samþykki eða synji breytingum á stjórnarskránni með beinum hætti. Forgangsmál er að tryggja þann rétt. Alda telur mikilvægt að kosið sé um einstök ákvæði til breytinga á stjórnarskránni.
- Nauðsynlegt er að halda opna fundi út um allt land í tengslum við ferlið þar sem almenningi gefst færi á að ræða um stjórnarskránni. Umræðuferlið við slíka vinnu þarf að vera umfangsmeira en verið hefur.

- Störf Stjórnlagaráðs voru ekki nægilega gagnsæ og formföst. Fundargerðir voru ekki aðgengilegar og fundir lokaðir þannig að almenningur gat ekki fylgst með umræðunum. Þótt tekið væri á móti tillögum og athugasemdum var þeim ekki svarað formlega og upplýsingar um efnislega afgreiðslu þeirra ekki aðgengilegar.
- Fjölmiðlaumræða og opinber kynning í ferlinu var ófullnægjandi.

2. Alda álitur að Alþingi og sitjandi valdhafar séu helsti hagsmunaaðilinn að gerð nýrrar stjórnarskrár og eigi því ekki að leika ráðandi hlutverk í gerð hennar. Stjórnvöld í Bresku Kólumbíu færðu t.d. ákvörðun um breytingar á kosningalöggjöf í slembivalþing og almenna atkvæðagreiðslu vegna þess að stjórn mála flokkarnir eru hagsmunaaðilinn í því hvernig kosningakerfið er uppbyggt. Tillögur að nýjum ákvæðum/breytingum eiga að koma frá öðrum aðilum, s.s. úr umfangsmiklu lýðræðislegu ferli þar sem tryggð eru tækifæri til þátttöku almennings á mörgum stigum, með mismunandi lýðræðislegum ferlum. Ábyrgð Alþingis skal felast í því að tryggja að slíkt ferli sé nægilega vandað og lýðræðislegt.

3. Alda telur að talsvert vanti upp á lýðræðisleg réttindi í tillögum Stjórnlagaráðs, s.s. hvað varðar réttindi til þess að ákvarðanir fari í lýðræðisleg ferli (Borgarþing) og að atvinnulífið lúti leikreglum lýðræðisins. Einnig er ekki nægilega skýrt kveðið á um það í tillögunum að Ísland skuli sjálfbært þannig að framleiðsla og neysla gangi ekki á auðlindir og vistkerfi jarðar þannig að óafturkræfur skaði hljótist. Rétt er að benda sérstaklega á að nær engar breytingar hafi verið gerðar á stjórnarskránni er lúta að efnahagskerfinu í ljósi þess að endurskoðun hennar kemur til í kjölfar efnahagshruns. Að öðru leyti vísar Alda í tillögur sínar til Stjórnlagaráðs (<http://alda.is/?p=340>) og er félagið reiðubúið til þess að vinna nánar að útfærslum tillagna sinna.

4. Alda hefur áhyggjur af því að ferlið sé orðið að pólitísku bitbeini, þar sem skammtímahagsmunir stjórn mála flokka ráði för fremur en heildarhagur almennings.

5. Alda telur að halda skuli breytingaferlinu áfram og gætt að þeim atriðum sem getið var um í 1. lið að ofan. Sé ekki vilji til þess af hálfu stjórnvalda skal kosið beint um tillögur Stjórnlagaráðs, að gerðum tæknilegum en ekki efnislegum breytingum, í almennri atkvæðagreiðslu og skulu fulltrúar almennings á Alþingi hlíta þeirri niðurstöðu. Kjósa skal um hvert ákvæði fyrir sig og ákvarða málsmeðferð sé ákvæði fellt.

Ályktun: Stjórnarskrármálið

Alda – félag um sjálfbærni og lýðræði telur fullreynt að Alþingi og stjórn mála elítan leiði stjórnarskrármálið til lykta. Allt frá því að krafa búsaðaldabyltingarinnar um nýja stjórnarskrá sem gerð yrði af fólkinu í landinu var tekin upp á Alþingi hefur málið einkennst af klúðri, deilum og vísvitandi aðgerðum til þess að eyðileggja ferlið. Ljóst er að þorri stjórn mála manna hefur lítinn sem engan áhuga á því að stjórnarskráin verði endurskoðuð með víðtækri þátttöku almennings og að lokum samþykkt af fólkinu í landinu. Fyrir vikið hefur stór hluti almennings aldrei öðlast trú á ferlinu og nú hefur það sýnt sig að vantraustið var á rökum reist.

Alda kom athugasemdum á framfæri við Alþingi í upphafi ferilsins og reglulega eftir það um mikilvægi þess að ferlið yrði víðtækt og að nýttar yrðu aðferðir þáttökulýðræðis sem reyndar

hafa verið erlendis í sambærilegri vinnu með góðum árangri. Má þar nefna slembivalþing sem haldið var í Bresku Kólumbíu og umfangsmikil ákvarðanatökufæri líkt og þau sem haldin eru árlega, t.d í Porto Alegre í Brasilíu. Félagið taldi nauðsynlegt að endurskoðunarferli stjórnarskrárinnar fæli í sér opna fundi um allt land og formlega aðkomu almennings á mörgum stigum. Umræða í fjölmiðlum hefði verið of lítil og ómarkviss. Gefa þyrfti ferlinu góðan tíma. Fá verkefni séu eins mikilvæg og endurskoðun stjórnarskrár.

Alda minnir á að í gegnum tíðina hafi valdhöfum oft reynst erfitt að gera breytingar á stjórnarskrá og reynt að koma í veg fyrir aðkomu almennings í lengstu lög.

Alda telur nauðsynlegt að stjórnarskrárferlið verði tekið til endurskoðunar þegar í stað og fært í ásættanlegan farveg. Sem stendur er ferlið lítið annað en sýnidæmi um það hversu lítið og veikburða lýðræðið er í samfélagi okkar.

Ályktun: Þjóðaratkvæðagreiðsla um breytingar á stjórnarskrá

Almenningi gefst færi á að kjósa um tillögur Stjórnlagaráðs um nýja stjórnarskrá þann 20. október næstkomandi. Alda hvetur alla til þess að kynna sér tillögurnar ítarlega og taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

Endurskoðunarferill stjórnarskráinnar hefur vakið athygli lýðræðissinna um allan heim. Sjaldan hafa slíkar ákvarðanir verið færðar að stórum hluta í hendur almennings með eins beinum hætti og hér þótt ýmislegt hafi mátt betur fara.

Í tillögum að nýrri stjórnarskrá eru m.a. ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur og þjóðarfrumkvæði í áttina að því sem Alda lagði til að yrðu í stjórnarskrá.

Félagið hefur áður komið á framfæri ábendingum um að ýmislegt hefði betur mátt fara við endurskoðun og hefði viljað að gengið væri enn lengra í átt að auknu lýðræði. Alda lítur svo á að endurskoðun á stjórnarskránni sé ekki lokið.

Fyrir hönd stjórnar Öldu,
Kristinn Már Ársælsson